

## Skipulag

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Teams

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 13. nóvember 2023

Fundarritari: Þórður Heimir Sveinsson

Fundartími: 09:00-09:45

**Þátttakendur:** Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinaðýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun), Gísli Jónsson (sérgreinaðýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun.

## Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaelði.
  - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar (fiski- og laxalús) með lyfinu Salmosan vet (azametifos) í baðlausn, fyrir sjö sjókvíar við Hvestu í Arnarfirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirliggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

Fleira ekki tekið fyrir.

